Fornleifaskráning í Meitlum á Hellisheiði I:
Deiliskráning vegna fyrirhugaðra rannsóknarborana



Ritstjóri: Kristjana Vilhjálmsdóttir

Höfundar efnis: Agla Geirlaug Aradóttir Ringsted, Birna Lárusdóttir, Gylfi Helgason, Helga Jónsdóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir & Orri Vésteinsson

Reykjavík 2023
F950-23191

Fornleifastofnun Íslands ses

Forsíðumynd er af Lágaskarðsvegi ÁR-721:015_01 og vörðu ÁR-721:015_03 við leiðina. Myndina tók Kristjana Vilhjálmsdóttir

©2023

Fornleifastofnun Íslands
Bræðraborgarstíg 9
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna fyrirhugaðrar rannsóknarborhola í Meitlum á Hellisheiði. Skráningin var unnin að beiðni OR. Deiliskráningarsvæðið sem tekið var út var samanlagt um 210 ha og var það gengið skipulega við úttektina.

Vettvangsvinna fór fram í júní 2023. Skráðar voru þrjár fornleifar á tveimur minjastöðum á og við úttektarsvæðið og voru tvær metnar í stórhættu en ein í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Lagt var mat á möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar með vísan í leiðbeiningar Skipulagsstofnunar en einnig var lagt mat á minjagildi fornleifanna og settar fram tillögur um mótvægisaðgerðir. Allar skráðar fornleifar á svæðinu töldust hafa nokkuð gildi.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, borhola, Meitlar, Hellisheiði, Fornleifastofnun Íslands

Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out in June 2023 in Meitlar on Hellisheiði. The survey was comissioned by OR in relation to new test-boreholes in the area. The survey was carried out within within the limits of a detailed planning proposal, which altogether covered a 210 ha area. In all three archaeological sites were surveyed at two locations. Of those, two sites were considered to be at high risk and one to be at moderate risk due to the proposed boreholes and related structures. The possible effect of the construction on archaeological remains was evaluated in keeping with the National Planning Agency‘s guidelines. Additionally, the heritage value of the archaeology was evaluated and countervailing procedures were proposed. All three sites surveyed were considered to have some value.

Keywords: Archaeology, detailed survey, borehole, Meitlar, Hellisheiði, Institute of Archaeology in Iceland.


Efnisyfirlit

I. Inngangur 1
II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 3
III. Aðferðir við fornleifaskráningu 5
IV. Fornleifaskrá 7
V. Samantekt um sögu svæðis og landshætti 17
VI. Niðurstöður 19
Heimildir 25
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93 27
Viðauki II: Minjakort 29

I. Inngangur

Á vordögum 2023 fór OR þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa á framkvæmdasvæði í Meitlum á Hellisheiði vegna fyrirhugaðra rannsóknarborana.

Áður hafði Fornleifastofnun Íslands unnið heimildaskráningu á afrétti Ölfushrepps 1998 og vettvangsskráningu við Meitla 2007[1] og var stuðst við þau gögn eftir þörfum. Einnig var höfð til hliðsjónar skýrsla Fornleifaverdar ríkisins frá 2008 um fornleifar á Hengilssvæðinu[2].



Staðsetning úttektarsvæðis á Hellisheiði, borholur og vegir. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf. Á innfeldu korti er staðsetning úttektarsvæðisins sýnd á Íslandskorti.

Vettvangsrannsókn fór fram í júní 2023. Úttektarsvæðið var 210 ha að stærð og var gengið skipulega um svæðið, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Alls voru skráðar þrjár fornleifar á tveimur minjastöðum á og við úttektarsvæðið. Um vettvangsvinnu sáu Agla Geirlaug Aradóttir Ringsted, Gylfi Helgason, Helga Jónsdóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir. Kristjana

[1] Orri Vésteinsson 1998; Birna Lárusdóttir 2008.

[2] Kristinn Magnússon 2008.

sá um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og viðaukar (hnitaská ISN93 og minjakort).

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, […] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
>
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna


> völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (SÞ, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við einingarnúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001_01). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund,

hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um…“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir séu þær fyrir hendi en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Miðað var við þá meginreglu að allir minjastaðir innan úttektarsvæðisins teldust í hættu vegna framvæmda. Ef helgunarsvæði minjastaðar náði inn á úttektarsvæði taldist hann einnig í hættu. Minjastaðir innan við 15 m frá fyrirhuguðum vegslóðum og borplönum töldust í stórhættu vegna framkvæmda. Á það jafnt við minjar sem enn sjást á yfirborði og þær sem aðeins heimildir eru um þar sem líkur eru taldar á því að þær séu enn að hluta til varðveittar undir sverði.

Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni. Undantekning frá þeirri reglu er varða við Lágafellsleið á kafla þar sem leiðin lá utan úttektarsvæðis sem höfð var með í skrá til að skýra samhengi við næstu vörðu. Minjar við leiðina utan svæðis eru auðkenndar með ljósari texta.

IV. Fornleifaskrá

ÁR-721 Afréttur Ölfushrepps

ÁR-721:015_01 *Lágaskarðsvegur* gata leið 382915 392740

Hálfdan Jónsson getur Lágaskarðsleiðar í lýsingu Ölfushrepps frá 1703: „Á þessum fjallgarði, er fyrir norðan þessa byggð sveitarinnar liggur, eru þrír vegir vestur á Suðurnes, nefnilega Ólafsskarð [052], Lágaskarð og Sanddalavegur [053], hvorjir allir saman koma í einn veg á vestanverðu fjallinu, þá byggðarlönd taka til Suðurnesjajarða."

Í sóknalýsingu Arnabælis-, Hjalla- og Reykjasókna 1840 segir: „[...] Lágaskarð vestur á Bolavelli, er alfaravegur til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar [...] Lágaskarð er [...] vel rudd." Í Sunnlenskum byggðum er einnig sagt frá leiðinni: „Einnig mátti fara um Lágaskarð sem er austar en Þrengslavegur liggur nú. Þeir sem komu „út á Eyrum" og þurftu að komast fljótt til Þingvalla hafa valið þessa leið. Hún var styst."

„Norður af Lambafellshrauni er Lambafell, sunnan við það er Stakihnúkur, er hann hjá Lágskarði. Eftir skarðinu liggur Lágaskarðsvegur," segir í örnefnalýsingu.

Steindór Sigurðsson lýsir Lágaskarðsleið í Árbók Ferðafélagsins 1936: „Þessi leið liggur að mestu leyti samhliða Þrengslaleiðinni, en um það bil þremur km austar. Og Meitlarnir mynda takmörkin á milli þeirra. Leiðin liggur [...] frá Skíðaskálanum, og stefnir suður yfir lága öldu, um 50 m upp á við af veginum í byrjun. Þegar upp á hana er komið, sér greinilega móta fyrir Lágaskarði. [...]. Vestan undir [Lákahnúkum] er víðast hvar graslendi, sem ásamt haganum undir Lönguhlíð, austar á leiðinni, hefir orðið til þess að gera leið þessa vinsælli en Þrengslaleiðina. Lágaskarðsleiðin var ein aðalþjóðleiðin yfir Hellisheiði, allt fram að því að akvegur var gerður yfir heiðina og sjálfsögðust leið allra austanmanna, er um Eyrarbakka komu og fóru yfir Ölfusá í Óseyrarnesi og um Hafnarskeið [...]. Vestan undir Stóra-Sandfelli er hádepill Lágaskarðsleiðar, 303 m. Skammt austar liggur leiðin niður brekku eina talsvert bratta en ei langa, og þegar kemur á brekkubrúnina, sér vegafarandinn hvar Eldborgarhraunið breiðist út vestur með Meitilstöglunum og allt vestur að Sandfelli [...]. Með heiðarbrúninni er greiðfær og götumtroðinn grasmói, og heiðin fyrir ofan hann - að suðurbunga Skálafells, heitir Langahlíð. Norðaustur af Krossfjöllum skiptast leiðir [...] en gamla aðalleiðin lá suðaustur með Lönguhlíð, niður hjá Kömbum og Kerlingadrögum, vestanvert við brún Hjallafjalls og annaðhvort austur með fjallsbrúninni, að Hjalla eða suðvestur undir hraunið, að hrauni, sem var fyrrum alkunnur viðkomustaður þeirra, sem Lágaskarð fóru. Lágaskarðsleið er úr Hveradölum [...] austur að Hjalla nál. 24 km."

Lágaskarðsvegur hefur verið skráður fjórum sinnum, fyrst 1998 og aftur 2006, 2007 og 2023.

Leiðin var skráð lauslega við fornleifaskráningu 1998 og þá lýst svona: Leiðin liggur frá Hveradalaflöt, undir hlíðum Lakahnúka og síðan um breitt skarðið yfir slétt og greiðfært helluhraun (að mestu mosagróið) og síðan niður úr skarðinu (sem er meira eins og grunnt dalverpi en skarð) til Þorlákshafnar og í Selvog. Á herforingjaráðskorti frá 1909 er norðurendi leiðarinnar sýndur vestar en hér [þá er átt við skráninguna 1998] er gert ráð fyrir. Þar liggur Lágaskarðsleiðin útaf Hellisheiðarvegi undir neðstu brekkum Reykjafells og yfir hraunhólana neðan við Hveradalaflöt en sú leið er mun ógreiðfærari þó hún sé styttri. Á kortinu kvíslast leiðin við Lönguhlíð og liggur ein slóð til Breiðabólstaðar en önnur til Hrauns.

Leiðin liggur um grasi grónar hlíðar og slétt helluhraun, mosagróið, mjög greiðfær leið.

Leiðin er lengstaf aðeins kindastígur en nokkur vörðutyppi (02-06) eru í sjálfu skarðinu (á helluhrauninu) og gætu sumar þeirra verið gamlar. Á nokkrum stöðum má ímynda sér að hestaumferð hafi gert för í hraunhelluna en hvergi er það skýrt. Þessi leið mun nú ganga undir nafninu Lákastígur (sbr. 020). [Það er þó umdeilt og sennilega seinni tíma misskilningur.]

Við fornleifaskráningu haustið 2006 var leiðin rakin á loftmynd. Ekki var hægt að rekja hana samfellt en þó sáust götuslóðar hér og þar.

Við fornleifaskráningu árið 2007 var leiðin rakin á vettvangi eins nákvæmlega og hægt var í tengslum við rannsóknarboranir Orkuveitunnar við Gráuhnúka annarsvegar og Litla-Meitil hins vegar:

Leiðin um Lágaskarð er sýnd á gömlum kortum, bæði á herforingjaráðskorti frá 1909 og örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1969. Nyrsti hluti hennar mun hafa legið frá Kolviðarhóli milli Þrengslahnúks og Lágaskarðshnúks. Björn Pálsson, héraðsskjalavörður, hefur bent á að af nöfnum Þrengsla- og Lágaskarðshnúks megi ráða að þeir hafi verið eins konar vörður eða leiðarmerki manna sem komu frá Kolviðarhóli og ætluðu á Þrengslaveginn gamla (ÁR-721:060) annars vegar og Lágaskarðsveg hins vegar. Á milli hnúkanna er fremur slétt og breið kvos sem hraun hefur runnið um og er það nú þakið þykkum mosa. Erfitt var að rekja leiðina á þessum kafla árið 2007 þótt á nokkrum stöðum hafi sést yfirgrónar rásir í mosanum sem gætu verið leifar af götum. Vestan við hraunrennslið er hins vegar grösug kverk og þar sést greinilegur troðningur, nú mikið til gróinn. Raunar er ekki ólíklegt að margir, einkum þeir sem fóru ríðandi, hafi kosið að sneiða hjá hrauninu og fara annaðhvort austan eða vestan við það. Þá verður að gera ráð fyrir þeim möguleika að menn hafi farið inn á Lágaskarðsveg bæði af þjóðleiðinni frá Reykjavík (semsagt frá Kolviðarhóli) en einnig stytt sér leið af veginum milli hrauns og hlíðar (Ár-721:019), sem lá t.d. norður í Grafning. Samkvæmt því má ætla að slóðar hafi legið inn á Lágskarðsveg bæði sem hér segir, milli Þrengslahnúks og Lágaskarðshnúks en einnig austan við Reykjafell og þá um Hverdalaflöt og þar meðfram hraunbrún til suðurs en

þar sjást einnig óljósar götur og stundum mun hafa verið áð á Hverdalaflöt (sjá 025) enda er hún grasgefin. En aftur að fyrrnefndu leiðinni.

Þar sem hrauninu milli hnúkanna (Þrengsla- og Lágaskarðshnúks) sleppir til suðurs tekur við hæð, gróin mosa og lyngi og eru rof í henni hér og þar. Óljós rás gengur upp hlíðina en vatn hefur runnið í henni og grafið hana niður og því ekki hægt að fullyrða hvort þar er gata eða ekki. Í framhaldinu er ekki hægt að merkja samfelldar götur fyrr en komið er nær Lágaskarði. Allt bendir til þess að um tvær leiðir þangað hafi verið að ræða eftir að komið er framhjá hnúkunum tveimur. Annars vegar hafi verið farið beint í suður, upp að rótum Stóra-Meitils að norðvestanverðu, um djúpan dal sem þar er. Þarna sést votta fyrir götuslóðum og eins upp úr dalnum, sem sennilega er syðsti hluti Stóradals skv. örnefnakorti Ingólfs Einarssonar, en þar er greinilegur troðningur í malarbakka. Í framhaldinu er stígur sem fylgir fjallsrótunum til suðurs á bilinu 50-150 m vestar en aðalleiðin um Lágaskarð. Hins vegar benda troðningar í svonefndum Hellum í Lágaskarði til þess að flestir hafi farið heldur austar og skal nú sagt frá því.

Út frá Stóra-Meitli liggur breiður malarhryggur um 1,2 km til norðausturs. Hann mjókkar smám saman og lækkar eftir því sem norðaustar dregur og endar í dálitlum klettakambi sunnan við Lágaskarðshnúk. Ekki sjást greinileg merki um götur á hryggnum eða við hann en sennilega hafa þær legið yfir hann um miðbikið eða mögulega krækt fyrir hann norðanverðan og legið til suðurs með austurhliðinni. Í það minnsta sést slóð utan í hryggnum austanverðum í beinu framhaldi af slóðinni í Hellunum svonefndu, en það eru sléttar klappir í sjálfu Lágaskarði, austan við Stóra-Meitil. Þegar þangað er komið tekur lega leiðarinnar að skýrast mjög mikið. Í skarðinu eru fimm vörður sem skráðar eru undir leiðinni, á einingar 02-06. Tæpum 250 m norðan við nyrstu vörðuna 02 sést rás í klapparhellum, væntanlega mörkuð af járnuðum hestshófum á löngum tíma. Þetta er einföld slóð, allt að 10-15 cm breið og mest um 5 cm djúp. Ekki er hún samfelld en víða greinileg á nokkurra metra bili í senn. Þess á milli sést hún aðeins sem slit í hrauninu. Víða sjást sambærilegar slóðir sunnar, á svæði sem er um 1,5 km langt frá norðri til suðurs. Mest áberandi eru rásirnar á svæðinu sem fyrr greinir en einnig sunnar, milli varða 03 og 04. Þar sem ekki sjást eiginlegar rásir ber þó mikið á



Lágaskarðsvegur 015_01 (A), milli varða 02 og 03.


götunni og því auðvelt að fylgja henni, enda er hraunið berstrípað af mosa og öðrum gróðri þar sem leiðin hefur legið. Enn er greinilega eitthvað um að farið sé ríðandi um Lágaskarð því þar sáust bæði för eftir hesta, ryðgaðar skeifur og hrossatað. Sömuleiðis sjást þar slóðir eftir torfæruhjól þótt ekki sé það í miklum mæli. Þar sem skarðinu sjálfu sleppir, sunnan við vörðu 06, má áfram rekja leiðina en hún er nú aðeins einfaldur troðningur í grónum móa. 300-400 m sunnan við vörðu 06 liggur leiðin niður nokkuð bratta brekku og kemur það vel saman við lýsingu Steindórs Sigurðssonar frá 1936, þ.e. liggur niður í fremur þröngt skarð og þaðan um sléttar flatir uns komið er í Sanddali. Þeir eru blásnir og gróðursnauðir og sjást þar engar götur. Á loftmynd má rekja götur um 1,5 km sunnar eða suðaustar, milli hrauns og hlíðar undir Lönguhlíð, en ekki var farið svo langt á vettvangi 2007. Þór Vigfússon getur um tvö tilbrigði við Lágaskarðsleið í Árbók Ferðafélagsins 2003. Annars vegar hefur verið hægt að fara vestar en í stefnu á Sanddali, þ.e. niður vestan við Eldborgir og þaðan til suðurs meðfram Meitilstagli austanverðu og suður á Þrengslaveg 060. Ummerki sjást víða um þessa leið, þ.e. götutroðningar og sumstaðar í þeim jeppaför þótt ekkert bendi til að oft sé farið á bílum um þessar slóðir. Í þessu samhengi má benda á götu 080 sem hefur sennilega verið enn eitt afbrigðið. Í öðru lagi nefnir Þór að hægt hafi verið að fara austur Lakadal í stefnu á Hjallahverfi í Ölfusi. Erfitt er að rekja götur á jörðu niðri á þeirri leið, í það minnsta í sjálfum Lakadal en á loftmynd mótar ágætlega fyrir götum. Þór bendir á tvö örnefni á leiðinni sem minna á samgöngur, þ.e. Vegarbrekkur og Vörðuhól. Hér í lokin má geta þess að suðurhluti leiðarinnar kann að hafa kvíslast suðaustan við Eldborgir, enda sést gata (080) sem liggur austur-vestur þar sunnan við borgirnar. Ekki er ólíklegt að ferðamenn sem ætluðu á bæi vestarlega í Ölfusi, jafnvel í Selvog, hafi kosið þá leiðina og þá farið niður með Meitilstagli að austan, eins og leiðin sem Þór Vigfússon segir frá.



Lágaskarðsvegur 015_01 (A) nærri Hverdalabrekkum, horft til suðurs.

Lágaskarðsleið var skráð aftur vegna deiliskipulags á Hellisheiði 2023. Tekið var út um 210 ha svæði í Meitlum og var leiðin þá rakin frá Hellum í Lágaskarði norður að Þjóðvegi 1 í Hverdalabrekku. Mismunandi greinum leiðarinnar voru gefnir bókstafir til aðgreiningar:

Austasta grein leiðarinnar, A, er einna skýrust og er þar enn nokkur umferð fjórhjóla. Á úttektarsvæðinu liggur leiðin u.þ.b. NNA-SSV. Í Lágaskarði var leiðin tekin út á um 1,2 km löngum kafla til



Sá hluti Lágaskarðsleiðar 015 sem skráður var 2023, mismunandi greinar leiðarinnar aðgreindir með bókstöfum. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf.

norðurs. Þar syðst sést leiðin sem um 15-30 m breið rás af ógrónum hraunhellum en um 250 m norðan við vörðu 02 breytist leiðin og markast fyrst og fremst af malarslóða eftir vélknúin ökutæki. Þó má á köflum greina óljósar götur í lágum mosavöxnum hrygg sem slóðin liggur vestanundir. Þar norðan við lá leiðin að mestu utan við úttektar-svæði 2023 en kom þó aftur inn á svæðið á um 180 m kafla fast sunnan við Þjóðveg 1. Þar liggur leiðin um grasi gróið land og sjást 8-15 götur á 10-30 m breiðu svæði. Göturnar eru dýpstar um 40 cm en víðast nær 15-20 cm.



Lágaskarðsvegur 015_01 (B) norðvestan undir Stóra-Meitli, horft til SSA.



Lágaskarðsvegur 015_01 (C), horft til norðausturs.

Leið B liggur vestar en leið A, og var næst henni um 50 m, syðst á úttektarsvæðinu. Frá norðurenda Lágaskarðs varð leiðinni fylgt eftir á um 1,5 km kafla. Hún liggur nálega norður-suður en hlykkjast lítillega. Leiðin er víða mjög greinileg, sérstaklega syðst, en því norðar sem dregur því gróinni og óljósari verður hún. Leiðin er víðast 0,5 m breið. Rétt norðaustan við Stóra-Metill, þar sem leiðinn liggur niður gil og niður í Stóradal sést hún aðeins sem óljós rás. Leiðin hverfur þá á um 300 m kafla en aftur var hægt að rekja leiðina á um 1,3 km kafla að Þrengslavegi 060. Leiðin er þar þó mjög mosagróin og sést vart lengur. Spottinn sem var rakinn frá Hveradalabrekku til gatnamóta var vel gróinn.

Leið C kvíslast frá hluta B sunnarlega í Stóradal. Hún var greinileg á um 250 m löngum kafla og liggur nálega norðaustur-suðvestur. Hún sést sem gróin rás, 0,5-0,6 m á breidd og víða nokkuð djúð og greinleg en verður mjög gróin við norðausturenda hennar.

Leið D greinist frá hluta B milli Gráuhnúka og Lágaskarðshnúks um 75 m suðvestan við Þjóðveg 1 en sameinast henni aftur milli Þrengslahnúks og Lágaskarðshnúks um 300 m suðvestan við þjóðveginn. Leiðin er þar nokkuð greinilegri en leið B. Á svæðinu er minni mosi og sáust á kafla greinilegar rásir.



Lágaskarðsvegur 015_01 (D), horft til suðvesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SSÁ, 205, 236; Ö-Afr. Ölf., 9; ÁFÍ 1936, 116-118; SB III, 198; ÁFÍ 2003, 44; Örnefnakort Ingólfs Einarssonar; Hkort 37 SV

ÁR-721:015_02 varða samgöngubót 382053 391114

Varða 02 er sú nyrsta við Lágaskarðsleið. Hún er skammt sunnan við vesturenda sandhryggjarins sem gengur til norð-austurs frá Stóra-Meitli. Varðan var fyrst skráð 2007 en var skoðuð aftur 2023. Hún er á litlum hól vestan götunnar 01. Hún er mikið mosagróin vörðunibba, 80 x 70 cm að grunnfleti, rúmlega 50 cm há og ekki vel hlaðin. Fjórir steinar eru efstir og ekki mosagrónir, ekki ólíklegt að þeir séu 20. aldar viðbót.

Hættumat: engin hætta



Varða 015_02, horft til SSV.

ÁR-721:015_03 varða samgöngubót 382112 390831

Varða 03 er um 280 m sunnar en varða 02, um 6 m vestan við götuna 01. Varðan var fyrst skráð 2007 en var skoðuð aftur 2023. Hún er einföld og allt annarrar gerðar en varða 02. Sex hraunhellum af svipaðri stærð hefur verið staflað upp og nokkrir minni steinar verið settir ofan á. Þessi varða er um 70 x 60 cm að grunnfleti og um 60 cm há.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Varða 015_03, horft til NNA.

ÁR-721:060 *Þrengsli* gata leið 380362 392215

Í lýsingu Eiríks Einarssonar segir: „Þrengslaleið, frá Breiðabólstað austan Krossfjalla, inn með Meitlum á þjóðveg neðan við Neðri Hveradalabrekkur."

Veginum er lýst í grein í Farfuglinum 1975: „Þrengslavegurinn gamli lá út af þjóðveginum neðan við Neðri-Hveradalabrekku, og áfram suður með Gráuhnúkum að vestan. Er Þrengslahnúkur á vinstri hönd, þegar sú leið er farin austur í Ölfus. Skarðið milli Gráuhnúka (Meitla) og Lambafells heitir Þrengsli þar sem það er þrengst. Syðst austan við Þrengslin er syðsti Gráhnúkurinn, og er nokkuð sérstakur [...]. Þrengslavegurinn gamli lá suður með Meitlum, vestan við Eldborgarhraun, vestan Krossfjalla, niður um Löngudali, niður hjá Grislingahlíð að Litlalandi. Ef til vill hefur einnig verið farið um Pumpuskarð í Krossfjöllum, niður í Torfdal og niður að Vindheimum."

Gamla Þrengslaleiðin er sýnd á herforingjaráðskorti frá 1909 og liggur þar skammt austan við núverandi Þrengslaveg, undir vesturhlíðum Meitla, síðan austan Sandfells en vestan Krossfjalla og kemur þar saman við aðra leið sem lá frá Fjallinu eina. Áfram liggur svo leiðin til suðurs, að bænum Litlalandi samkvæmt kortinu.

Þrengslaleið hefur tvisvar verið skráð á vettvangi, árin 2007 og 2023.

Leiðin hefur að mestu verið greið, í fyrstu legið um sannkölluð þrengsli milli hrauns og hlíðar undir vesturhlíðum Meitla og síðan um grónar grundir allt að Meitilstagli.

Árið 2007 var leiðin rakin frá Þjóðvegi 1 til suðurs að Meitilstagli. Nyrsti hluti leiðarinnar hefur legið frá Kolviðarhóli og þaðan til suðurs, vestan við Þrengslahnúk, þar sem nú er niður-rennslissvæði Hellisheiðarvirkjunar norðan og norðvestan við Þrengslahnúk og Gráuhnúka. Þar er slétt, hrauni þakið svæði. Sennilega hafa menn ýmist farið með vestur- eða austurbrún hraunsins, í það minnsta mótar óljóst fyrir slóðum á báðum stöðum á loftmynd. Þegar komið er að Þrengslahnúk er aðeins um eina leið að ræða, en það er þröng kverk sem liggur til suðurs milli hrauns og hlíðar, þ.e. Svínahrauns og Gráuhnúka. Kverk þessi er lítið gróin og víðast hvar möl í botni hennar. Hraunbrúnin að vestanverðu er allt að 2-3 m há og hraunið hlýtur að teljast nær algerlega ófært, enda mjög úfið. Annars hefur Þrengslaleiðin verið mjög greið og sennilega ekki villugjarnt á henni, enda hefur fjallshlíðinni verið fylgt alla leið að Meitilstagli. Ekki sjást götuslóðar í hraunkverkinni en þar sem henni sleppir, hér um bil til móts við malarnámur í Lambafelli, eru grónar grundir og má fylgja götuslóðum nær óslitið allt framhjá Þorlákshafnarseli Ár-544:041 og allt að Meitilstagli. Ekki sjást neinar vörður á þessari leið. Hvergi sjást mjög djúpir troðningar, bara götur sem eru að mestu grónar. Rétt er að geta þess að í hvammi sem líkega er Stórihvammur skv. örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1969 sést gróin sniðgata liggja skáhallt upp á fjall í skriðu. Mikið ber á henni, enda er skriðan dökk og einsleit en gatan sker hana sundur eins og græn lína, enda vex þar gras og



Þrengslaleið 060 sunnarlega á úttektarsvæði 2023, horft til norðurs.

mosi. Þegar upp er komið sést að fyrirbærið líkist meira ruðningi. Björn Pálsson, héraðsskjalavörður á Selfossi grennslaðist fyrir um málið og kom í ljós að förin eru eftir jarðýtu og voru sennilega gerð nálægt miðri 20. öld.

Þrengslaleið skráð aftur vegna deiliskipulags á Hellisheiði 2023. Hún var þá rakin á um 3 km löngum kafla sem byrjar austan við Þrengslaveg á móts við námu suðaustan í Lambafelli og nær til norðausturs að Þjóðvegi 1. Leiðin er að mestu greinileg en þó óskýr á köflum. Systi hluti leiðarinnar er mjög gróin og er aðeins sýnileg sem einföld kindagata eða troðningur. Leiðin breikkar og verður mjög skýr um Þrengslin, milli hrauns og hlíðar. Leiðin er þar einhvað gróin mosa og grasi, en víða er möl og sendið í botni hennar. Leiðin er almennt um 3-5 m á breidd, minnst 1 m á breidd syst, en þegar komið er um hálfa leið í Þrengslunum er komið að miklum sand og malar sléttum/flatlendi um 8-10 m á breidd. Þegar nálgast er niðurrennslisvæði Hellisheiðarvirkjunnar verður leiðin mjög gróin mosa og grasi aftur. Þegar komið er að virkjunnarsvæðinu norðan og norðvestan við Þrengslahnúk og Gráuhnúka hverfur leiðin alveg. Virkjunarsvæðið er sendin malar- og grjótslétta þar sem niðurrennslispípurnar standa töluvert upp úr þessu flatlendi. Þegar nálgast má Þjóðveginn norðan virkjunarsvæðisins og vestan Þrengslahnúk má sjá meira gróið landslag, gróið mosa og grasi. Ásamt því verður leiðin aftur þó nokkuð skýr þegar nálgast má Þjóðveginn, um 4-5 m á breidd, með hraungrjóti og steinum í botni hennar.



Þrengslaleið 060 um miðja leið á úttektarsvæði 2023, horft til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Eiríkur Einarsson 1976; Farfuglinn 19(1), 12-13; Hkort 37 SV; Örnefnakort Ingólfs Einarssonar

V. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Úttektarsvæðið sem rannsakað var 2023 er á suðurhluta Hengilssvæðisins, norðan við fjallið Stóra-Meitil, milli Þjóðvegar 1 og Þrengslavegar 39. Norðan Stóra-Meitils er nokkuð flatlendi, Stóridalur. Norðvestan og norður af Stóradal eru Gráuhnúkar, Þrengslahnúkur og Lágaskarðshnúkur en Lakahnúkar til austurs. Svæðið er einkum hraunlendi, að mestu gróið mosa og lyngi.

Úttektarsvæðið er hluti af hálendi Íslands og hefur nýting þess á fyrri öldum helst tengst sumarbeit búfjár auk þess sem samgöngur um svæðið voru ætíð miklar. Kolviðarhóll, sá bær sem næstur var úttektarsvæðinu, var rúmum 2 km norðan þess. Þar var fyrst reist sæluhús árið 1844 en búskapur hófst árið 1877 og varaði til 1952. Þó að á Kolviðarhóli hafi verið stundaður hefðbundinn búskapur byggðist búseta þar fyrst á fremst á greiðasölu og var þar bæði veitinga- og gististaður.[3] Samgönguminjar eru enda sá minjaflokkur sem helst einkennir Hengilssvæðið í heild sinni en Hellisheiðin var aðalleiðin milli vesturhluta Árnessýslu og Kjalarnesþings. Fram til loka 19. aldar lá leiðin austur yfir Hellisheiðina töluvert norðar en hún gerir í dag, norðan Reykjafells og framhjá Kolviðarhóli.[4] Frá Kolviðarhóli lágu einnig aðrar tvær leiðir til suðurs sem báðar liggja gegnum úttektarsvæðið við Meitla: Lágaskarðsvegur og Þrengslaleið.

Lágaskarðsvegur ÁR-721:015 var aðalleið þeirra sem stefndu niður í Ölfuss eða Selvog. Nokkur tilbrigði eru við leiðina, frá Kolviðarhóli hefur beinust leið verið milli Þrengslahnúks og Lágaskarðshnúks og áfram í Lágaskarð, en einnig var stundum farið austan Lágaskarðshjúks til suðurs í Lágaskarð og voru þar götur. Úr skarðinu var hægt að fara þrjár mismunandi leiðir eftir því hvert var ætlað: Í fyrsta lagi var hægast fyrir þá sem stefndu í vesturhluta Ölfuss eða Selvog að fara vestan Eldborga og með Meitilstagli til suðurs. Í öðru lagi var hægt að taka stefnu á bæina Litlaland og Hlíðarenda. Lá sú leið eftir Sanddölum og til suðausturs meðfram Lönguhlíð og var það líklega aðalleiðin. Í þriðja lagi gátu þeir sem stefndu á Hjallahverfi í Ölfusi farið austur Lakadal og meðfram Vestur-Hálsum.[5]

Leiðin um Þrengslin ÁR-721:060 var áður fyrr fáfarnari en Lágaskarðsvegur.[6] Frá Kolviðarhóli lá sú leið vesturundir hlíðum Gráuhnúka og Stakahnúks til suðurs með stefnu á Litlalandi og Hlíðarenda líkt og aðalleið Lágaskarðsvegar.[7]

---


[3] ÁFÍ 2003, 18-20; Orri Vésteinsson 1998, 12.

[4] Orri Vésteinsson 1998, 12.

[5] Birna Lárusdóttir 2008, 9-10; Hkort 37 SV.

[6] Orri Vésteinsson 1998, 11-14.

[7] Hkort 37 SV.



Kort af úttektarsvæði 2023, borholum, vegum og skráðum fornleifum. Athugið að varða ÁR-721:015_02 telst utan svæðis en er höfð með á kortinu til að skýra samhengi við vörðu ÁR-721:015_03. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf.

VI. Niðurstöður

Alls voru skráðar þrjár fornleifar á og við úttektarsvæðið 2023. Tvær fornleifanna voru innan svæðis en ein fornleif skammt utan svæðisins var skráð þar sem helgunarsvæði hennar (15 m) náði inn á úttektarsvæðið. Allar fornminjarnar teljast til samgönguminja og tilheyra tveimur minjastöðum, Lágaskarðsvegi ÁR-721:015 og Þrengslaleið ÁR-721:060. Engar vörður fundust við Þrengslaleið en alls eru fimm vörður þekktar við Lágaskarðsveg í Lágaskarði og var helgunarsvæði einnar þeirra innan úttektarsvæðis. Ummerki sáust um allar skráðar fornleifar.

VI.I Hættumat

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru. Gengið var út frá því að ef minjastaður væri innan við 15 m frá fyrirhuguðum vegslóðum og borplönum teldist hann í stórhættu vegna framkvæmda. Aðrir minjastaðir innan úttektarsvæðissins skyldu teljast í hættu vegna framkvæmda og gilti það einnig ef helgunarsvæði staðarins náði inn á svæðið þó staðurinn sjálfur væri utan svæðis sökum þess að helgunarsvæði allra minjastaða nær 15 m út frá ystu mörkum þeirra.

Tvær fornleifar voru metnar í stórhættu vegna framkvæmda, Lágaskarðsvegur ÁR-721:015_01 og varða ÁR-721:015_03. Varðan er rúma 13 m utan þess svæðis sem tekið var út 2023 og hefði öllu jafna aðeins verið metin í hættu en samkvæmt teikningu af fyrirhuguðu borplani HR-02 er varðan aðeins um 8 m frá planinu og hún því metin í stórhættu. Þrengslaleið ÁR-721:060 er fjær fyrirhuguðum framkvæmdum og var því aðeins metin í hættu.

VI.II Forsendur fyrir mati á gildi minja og tillögum að mótvægisaðgerðum.

Að beiðni verkkaupa verður hér á eftir lagt mat á gildi þeirra minjastaða sem skráðir voru innan úttektarsvæðisins og einnig lagðar fram tillögur sérfræðinga Fornleifastofnunar um það hvaða mótvægisaðgerða líklegt er að grípa þurfi til vegna sömu minja.

Eitt af því sem hamlar því að leggja fullnægjandi mat á gildi minjastaða er sú staðreynd að enn hefur ekki farið fram fornleifaskráning nema á litlum hluta landsins. Því er ekki hægt að meta gildi tiltekins minjastaðar með góðum samanburði við sambærilega staði á landsvísu. Í raun er aldrei hægt að leggja afstætt eða endanlegt mat á gildi minjastaða enda er í slíku mati ætíð fólgið gildismat sem mótast að einhverju leyti af tíðaranda og áhuga þeirra sem vinna slíkt mat. Það sem gæti talist merkur minjastaður á ákveðnu svæði hefur ekki endilega mikið gildi á landsvísu og minjar sem ekki töldust merkilegar fyrir hálfri öld síðan hafa í sumum tilfellum öðlast stóraukið vægi vegna þess hversu mikið hefur horfið af ákveðnum minjum og vegna aukinnar þekkingar og yfirsýnar um minjar.

Í laganna skilningi eru allar minjar, 100 ára og eldri, friðaðar. Þeim má enginn breyta, hylja eða raska og hafa þær 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum fornleifar. Allar fornleifar hafa því eitthvert gildi enda eru þær vitnisburður um líf og starf þjóðar í landinu allt frá upphafi landnáms og fram á 20. öld. Um friðlýstar minjar gilda svo enn strangari lög og er friðhelgi þeirra t.a.m. 100 m frá ystu mörkum minja.

Minjastofnun Íslands hefur ekki gefið út leiðbeiningar um hvað skal hafa í huga þegar lagt er mat á vægi fornleifa eða á hvaða mati úrskurðir um mótvægisaðgerðir hvíla. Á Fornleifastofnun Íslands eru slíkir staðlar í þróun og byggir neðangreint álit á umræddum stöðlum þar sem minjagildi fornleifa er skipt í fjóra flokka. Við mat á gildi fornleifa er hér horft til ýmissa þátta s.s. ástands og varðveislu, rannsóknarmöguleika og kynningargildis. Lagt var upp með eftirfarandi flokkun:

> **a) Mjög mikið minjagildi:** Friðlýstar fornleifar hafa stærra helgunarsvæði (100 m í stað 15 m) og verndunargildi í lögum en aðrir minjastaðir og teljast því að öllu jöfnu hafa mjög mikið gildi. Auk þeirra falla minjastaðir þar sem von er á miklum minj-um eða minjum sem spanna mjög langa búsetusögu gjarnan í þennan flokk. Sem dæmi um slíka minjastaði má nefna bæjarhóla og heildstæðar býlisrústir. Í þennan flokk falla einnig minjar sem teljast hafa einstakt minjagildi vegna fágætis, eða út frá fagurfræðilegum eða faglegum forsendum.

b) Mikið minjagildi: Heillegar eða fremur heillegar minjar frá ýmsum skeiðum sem sem teljast hafa talsvert varðveislu- eða rannsóknargildi falla í þennan flokk. Í flokkinn falla einnig minjastaðir sem teljast hafa mjög gott kynningargildi og staðir sem geta haft mikið staðbundið minjagildi.

c) Nokkurt minjagildi: Í þennan flokk falla t.d. minjar sem eru raskaðar að hluta (en einhverra mannvistarleifa talið að vænta undir sverði) og einfaldir minjastaðir þar sem ekki er mikillar mannvistar að vænta. Dæmi um slíka staði eru vörður, mógrafir eða heystæði. Þeir teljast ekki hafa mikið rannsóknar- eða kynningargildi einir og sér.

d) Lítið minjagildi: Í þennan flokk falla minjar sem eru taldar mikið raskaðar eða jafnvel alveg horfnar og/eða ungar minjar sem eru á mörkum þess að teljast til fornleifa og njóta því ekki friðunar samkvæmt lögum.

Minjastofnun Íslands mun úrskurða um hvort minjar megi víkja í framkvæmdum og sömuleiðis um til hvaða mótvægisaðgerða þarf að grípa í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að fornminjar séu í yfirvofandi hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í umfjölluninni hér að neðan er gerð tilraun til að setja fram hugmyndir um líklegar mótvægisaðgerðir sem gæti þurft að grípa til vegna fornleifanna. Hægt er að grípa til ýmissa mótvægisaðgerða vegna fornleifa sem teljast í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og verða hér nefndar þær helstu sem gjarnan eru gerðar kröfur um:

Merking: Í mörgum tilfellum kann að verða nauðsynlegt að merkja minjastaði innan áhrifasvæðis svo að þeir verði ekki skemmdir af vangá. Merkingin þarf að vera áberandi svo að minjarnar skemmist ekki við umferð vinnuvéla o.þ.h.

Vöktun: Í sumum tilfellum kann að þurfa að vakta viðkvæm svæði á meðan á jarðraski stendur. Í því felst að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdunum á svæðum þar sem ekki eru greinilegar yfirborðsminjar en talið er líklegt að minjar kunni að leynast undir sverði. Slíkt vöktun væri þá að lágmarki á meðan svörður væri rofinn. Á slíkum svæðum má búast við því að fornleifar komi í ljós sem tafið gætu framkvæmdir. Þessi leið er því aðeins valin þar sem alls ekki er hægt að hnika til framkvæmdum og þar sem líkur á fornleifum eru ekki svo miklar (eða staðsetning þeirra ekki það vel þekkt) að það sé raunhæft að leggja út í rannsóknir fyrirfram.

Forkönnun: Rannsókn kann að þykja nauðsynleg þar sem fornleifar þurfa að víkja vegna framkvæmda. Fyrsta stig slíkra rannsókna er gjarnan s.k. forkönnun, þ.e. gerð könnunarskurða og/eða taka borkjarnasýna. Eins er í sumum tilfellum gerð krafa um kerfisbundna töku könnunarskurða

(gjarnan 10%) á svæðum þar sem miklar líkur eru taldar á minjum neðan svarðar. Minjastofnun Íslands nýtir svo gjarnan niðurstöður forkönnunar til að ákvarða hvort frekari rannsókna er þörf. Góð dæmi um slík svæði eru heimatún og tún/svæði við gömul býli og sel.

Fornleifauppgröftur: Í þeim tilfellum sem ljóst er að minjastaður muni hverfa alveg og mikilvægar minjar eru taldar undir sverði er stundum gerð krafa um heildaruppgröft þótt algengara sé að slík krafa sé ekki gerð fyrr en á grundvelli niðurstaðna forkönnunar.

Þar sem ljóst þykir að ekki verði hjá því komist að raska fornminjum, fer það mjög eftir ástandi og eðli fornleifanna hvort líklegt er talið að gerðar verði kröfur um umfangsmeiri mótvægisaðgerðir og þá í hverju þær kunni að felast. Talið er ólíklegt að mótvægisaðgerða verði krafist þar sem öll yfirborðsummerki um fornleif eru horfin og ekki er von til þess að mannvistarleifar finnist undir sverði. Getur það átt við um götur, vörður, mógrafir, kolagrafir (og aðra námustaði). Í tilfellum þar sem fyrirsé er að framkvæmdir muni raska fornleifum á borð við tóftir og garðlög er líklegt að gerð verði krafa um að gera könnunarskurði í þau til þess að ákvarða aldur og eðli fornleifanna. Ríkari rannsóknarkrafa er almennt þar sem um bústaði er að ræða eða aðrar umfangsmiklar minjar en algengt er að fyrsta krafa á slíkum stöðum kveði einnig á um könnunarskurði sem þá ákvarða hvort frekari kröfur verði gerðar. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar innan svæða þar sem talið er líklegt að óþekktar minjar leynist undir sverði má búast við að lögð verði til vöktun fornleifafræðings á framkvæmdatíma eða jafnvel mælst til að gerðir séu könnunarskurðir á hluta svæðis (gjarnan 10%). Á það m.a. við um svæði eins og gömul heimatún eða svæði næst gömlum býlum og seljum. Á grundvelli þeirra forsendna sem raktar eru hér að framan verður gerð grein fyrir mati á minjagildi minjastaða og tillögum að mótvægisaðgerðum fyrir minjar innan úttektarsvæðisins. Mat á gildi minjanna er byggt á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um einkenni og vægi umhverfisáhrifa.[8] Mótvægisaðgerðir taka þó mið af eðli og minjagildi fornleifanna. Rétt er að minna á að hættumat og hugmyndir að mótvægisaðgerðum byggjast á fjarlægð minja frá fyrirhuguðum framkvæmdum. Ef þungamiðja framkvæmdanna yrði færð þyrfti að endurskoða hættumat minjastaða. Þegar endanleg hönnun mannvirkja liggur fyrir er það Minjastofnunar Íslands að úrskurða formlega um áhrif framkvæmda á fornleifar og mögulegar mótvægisaðgerðir.

8 Skipulagsstofnun 2005.

VI.III Áhrif framkvæmda á fornleifar

Innan deiliskipulagsreits er þegar ein borhola HE-57 og liggur vegur að henni frá Þjóðvegi 1, en gert er ráð fyrir að gera tvær í viðbót HR-01 og HR-02. Áætlað er að leggja nýja vegi frá núverandi vegi að rannsóknarborholunum tveimur.

Fyrirhugaður vegur að rannsóknarborholu HR-02 mun á um 350 m kafla liggja innan við 15 m frá „A grein“ Lágaskarðsvegar ÁR-721:015_01 og mun að hluta liggja ofan á leiðinni. Á þessum kafla markast Lágaskarðsvegur þó einkum af malarslóða eftir vélknúin ökutæki. Sunnar, þar sem eldri götur verða greinilegri, mun fyrirhugaður vegur liggja um 30-70 m vestan þeirra. Þar mun borplan rannsóknarborholu HR-02 þó vera um 8 m frá leiðinni. Fyrirhugaður vegur frá borholu HE-57 að rannsóknarborholu HR-01 liggur næst um 20 m frá „C grein“ Lágaskarðsvegar en þverar „B grein“ á einum stað. Varða ÁR-721:015_03 við Lágaskarðsveg er sem fyrr segir um 8 m frá áætluðu borplani HR-02. Þrengslaleið ÁR-721:060 er um 700 m vestar en fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu.

Í töflu hér að neðan má sjá yfirlit skráðra fornleifa, minjagildi þeirra og hvaða kröfur um mótvægisaðgerðir séu líklegar.

Tafla 1: Skráðar fornleifar innan og við úttektarsvæði

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Minjagildi	Líklegar mótvægis-aðgerðir	Skýring
ÁR:721:015_01	Lágaskarðs-vegur	gata	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	engar	skráning fullnægjandi mótvægis-aðgerð
ÁR:721:015_03		varða	samgöngu-bót	hleðslur standa	stórhætta	nokkurt	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
ÁR:721:060	Þrengsli	gata	leið	sést til	hætta	nokkurt	engar	skráning fullnægjandi mótvægis-aðgerð

Framkvæmdir við Meitla munu bæði koma til með að valda beinu raski á Lágafellsvegi ÁR-721:015 ein einnig óbeinu raski á leiðinni sem einkum er fólgið í sjónrænum áhrifum nýrra vega og borplana. Líklegast er þó að sú fornleifaskráning og uppmæling sem nú hefur verið unnin teljist fullnægjandi mótvægisaðgerð á leiðinni sjálfri ÁR-721:015_01 en líklegt er að krafa verði gerð um merkingu á vörðu ÁR-721:015_03.

Heimildir

ÁFÍ 1936: Steinþór Sigurðsson & Skúli Skúlason. 1936. *Austur yfir fjall.* Árbók Ferðafélags Íslands 1936. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

ÁFÍ 2003: Þór Vigfússon. 2003. *Í Árnesþingi vestanverðu.* Árbók Ferðafélags Íslands 2003. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Birna Lárusdóttur. 2008. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra rannsóknaborana við Litla-Meitil og Gráuhnúka.* FS363-07161 Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Farfuglinn 19(1): Eiríkur Einarsson. 1975. Örnefni á afrétti Hjallasóknar í Ölfusi. *Farfuglinn 19*(1), 6-16.

Kristinn Magnússon. 2008. *Hengill og umhverfi. Fornleifaskráning.* 2008:9. [Án útgáfustaðar]: Fornleifavernd ríkisins.

Orri Vésteinsson. 1998. *Fornleifar á afrétti Ölfushrepps.* FS064-97013. Reykjavík: Árbæjarsafn & Fornleifastofnun Íslands.

SB III: *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu.* 1983. Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson (ritstjórar). Selfossi: Búnaðarsamband Suðurlands.

Skipulagsstofnun. 2005. *Mat á umhverfisáhrifum. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.* Reykjavík: Skipulagsstofnun. Sótt af: https://www.skipulag.is/media/umhverfismat/leidbeiningar_um_flokkun_umhverfisthatta_vidmid_einkenni_og_vaegi_umhverfisahrifa.pdf

SSÁ: *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdán Jónsson.* 1979. Reykjavík: Sögufélag.

Óútgefnar heimildir

Eiríkur Einarsson. 1976. Örnefni og minjar í Hjallasókn. Handrit.

Hkort: Dönsku herforingjaráðskortin. 1905-1915. Landsbókasafn Íslands.

Ö-Afr. Ölf.: Afréttur Ölfushrepps eftir Þorstein Bjarnason frá Háholti (Lbs 2857 4to). Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Örnefnakort Ingólfs Einarssonar: Afréttur Hjallasóknar. Skálafell, Hellisheiði, Reykjafell, Svínahraun, Sauðadalir, Lambafell, Meitlar. Kort gert af Ingólfi Einarssyni með hjálp ýmissa heimildamanna 1969. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

Samtala	X (A)	Y (N)
ÁR-721:015_01 A	382915	392740
ÁR-721:015_01 B (hnit a)	381865	391062
ÁR-721:015_01 B (hnit b)	381899	393082
ÁR-721:015_01 C	381788	391772
ÁR-721:015_01 D	381552	392558
ÁR-721:015_02	382053	391113
ÁR-721:015_03	382112	390831
ÁR-721:060 (hnit a)	380362	392215
ÁR-721:060 (hnit b)	380919	392981
ÁR-721:060 (hnit c)	381367	393059

Viðauki II: Minjakort

Kort á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.



Skýringar

Fornleif

Leið

Leið mæld af loftmynd

Mörk úttektarsvæðis

0 500 1.000 1.500 2.000 m